

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla nr. 13
Dags.:	1. apríl 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Sigurður Grétarsson, Karl Einarsson Hörður Sigurðsson, Íris Lena Leósdóttir og Berglind Svavarsdóttir
Fjarverandi:	Hólmfríður Einarsdóttir
Ritað af:	Berglind Svavarsdóttir

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.45

2. Fundargerðir.

Síðustu fundargerðir 17. febrúar og 13. mars s.l. lagðar fram og samþykktar.

3. Foreldrarölt

Berglind skýrði frá fundi með Samkóp og lögreglunni um foreldraröltið í Kópavogi. Samkvæmt því sem þar kom fram virðast þau mál vera í ágætis lagi hér í bæ og lögreglan nokkuð ánægð með unglingana. Ræddar ýmsar hugmyndir um hvort breyta ætti fyrirkomulaginu næsta vetur þá þannig að nýta tölvutæknina meira, en það ætti að vera hægt að fylla út skýrslueyðublöðin á netinu og senda á röltfulltrúa. Berglind upplýsti að ekki væri lengur unnt að komast inn í kofann á leikvellingum og SG, sem situr í leikskólanefnd, falið að kanna hverju það sæti.

4. Páskabingó.

Umsjónarmaður páskabingós er Jóhanna Óskarsdóttir. Páskabingó verður kl.12.00 til 14.00 n.k. laugardag. Rætt um undirbúning og framkvæmd. Ákveðið hefur verið að 10. bekkur fái kaffisöluna í fjáröflun.

5. Alþjóðadagur FFÁ

Ákveðið er að fresta alþjóðadeginum um stund en ljóst er að mun meiri undirbúning þarf til jafn viðamikils verkefnis. Stefnt er að því að halda slíkan dag fyrir skólalok, jafnvel í samstarfi við vormarkaðinn.

6. Skóladagatal 2014-2015

Formaður leggur fram drög að skóladagatali en foreldrafélaginu gefst kostur á að setja inn helstu viðburði á vegum foreldrafélagsins, t.d. dagsetningar fulltrúaráðfundanna ofl. Engar dagsetningar voru tiltækar á fundinum og ákveðið að senda tillögur á milli fundarmanna í tölvupósti.

7. Aðalfundur

Ákveðið að hafa aðalfund foreldrafélagsins í byrjun maí, dagsetning er ekki endanlega ákveðin en má ekki rekast á stefnumótunardag skólans. Rætt um undirbúning og

frankvæmd. Formaður mun kanna nánar hvaða tímasetningar gætu hentað m.t.t. til annarra atburða í sal skólans.

8. Styrkumsóknir.

Bókakaup- Erindi barst um að félagið styrkti einn bekk með bókaþjóf. Það er ekki hlutverk foreldrafélagsins að útvega kennslugögn og er því erindinu hafnað. Fundarmenn töldu hins vegar vel koma til greina að styrkja almennt lestrarnám barna með einhverjum hætti t.d. í samstarfi við bókasafnið. Ákveðið að fara í nánari þarfagreiningu þar að lútandi með stjórn skólans.

Dýnukaup- Vegna mikillar aðsóknar í foreldraleikfimina vantar enn fleiri dýnur. Beiðni þar að lútandi samþykkt.

9. Önnur mál.

- Stefnumótunardagur skólans verður haldinn 5. eða 8. maí. Áriðandi að sem flestir foreldrar mæti.
- Nettingar skólans. Formaður kynnti að fyrirhugaðan aðgang nemenda að þráðlausu gestaneti í grunnskólum Kópavogs með eigin tækjabúnaði.
- Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 22. apríl kl. 19.30

10. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 21.40